

Þráðlaus uppsetning á Vefvarpinu

Byrjaðu á því að kveikja á tækinu og leifðu því að ræsa sig. Þegar það byrjar að segja „Vinna við það að tengja sig við Internetið“, þá fylgir þú þessum leiðbeiningum:

- Ýttu á hljóðstyrk/hlé takkann til að komast í „hlé-valmynd“.
- Ýttu á upp eða niður takka til að komast í „stilling tækis“ og ýttu síðan á Val eða OK-takkann.
- Notaðu upp eða niður takka til að komast í „bæta við þráðlausu neti“ og ýttu svo á OK-takkann.
- Eftir nokkrar sekúndur heyrirðu lista með nöfnum þeirra þráðlausu neta sem tækið finnur í nágrenninu. Nafnið á þínu neti (SSID) og lykilorðið (WPA/WEP) er annaðhvort á beininum þínum (oft neðan á þeim) eða á blaði frá netþjónustunni.
- Notaðu upp og niður takkana þangað til þú finnur netið þitt og ýttu svo á OK-takkann. Vefvarpið lætur þig vita hvort sambandið er gott, miðlungs eða veikt.
- Ef nettengingin er örugg mun vefvarpið biðja þig um lykilorð. Þú velur úr lista af bókstöfum og tölustöfum og notar þá til að skrifa lykilorðið. Það er mikilvægt að gera greinarmun á stórum og litlum stöfum þegar lykilorðið er skrifað inn.
- Þú getur annaðhvort notað UPP og NIÐUR takkana eða hljóðstyrks/hlé-takkann til að leita að og velja rétta stafi (stafurinn/táknið sem þú velur er sá sem er lengst til hægri í neðstu línu á skjánum). Vefvarpið byrjar á bókstafnum „a“ og stafrófinu í lágstöfum. Til að komast í hástafi, tölustafi eða tákn, er farið upp eða til hægri með hljóðstyrkshnappnum.
- Í hvert sinn sem þú hefur fundið réttan staf áttu að ýta á OK-takkann; lykilorðið birtist staf fyrir staf vinstra megin á skjánum. Þú getur þurrkað út síðasta staf sem þú slóst inn með því að ýta á tilbaka-takkann.
- Þegar þú hefur slegið inn/valið allt lykilorðið þarftu að finna
- „Lokið“ (síðasti stafurinn alveg lengt til hægri/upp) og ýta á OK-takkann. Nú heyrirðu lykilorðið sem þú hefur valið og svo verður nettengingin virk.
- Vefvarpið segir þér að búið sé að bæta tengingunni þinni við og að hún sé tilbúin til notkunar (ýttu þrisvar sinnum á tilbaka-takkann til að fara aftur í „hlé-valmyndina“).

Bestu kveðjur

Baldur Snær Sigurðsson